

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu Hrunnar Einarsdóttur  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2022

Tilvísun: 202112-0021

SS

SS

### Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar aðflugsljósa á Akureyrarflugvelli

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 7. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort tilkynnt framkvæmd Isavia ohf. um aðflugsljós á Akureyrarflugvelli eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Eins og fram kemur í tilkynningunni er framkvæmdin tvíþætt. Annars vegar þrjár nýjar landfyllingar við norðurenda flugbrautar, og hins vegar uppsetning á aðflugsljósum á landfyllingunum.

Ítarlega er fjallað um áhrif af landfyllingum og aðflugsljósum á ásýnd svæðisins í greinargerðinni og einnig á áhrif landfyllinga á fuglalíf og ekki er talið að áhrifin verði mikil. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir það enda landfyllingarnar frekar smáar í sniðum þótt þær séu fleiri en ein, og þær tengjast öðrum landfyllingum. Þá eru þær ekki staðsettar nálægt varpsvæðum fugla og eru utan svæðis á náttúruminjaskrá. Einnig getur reynst rétt að þær nýtist sem hvíldarstaðir fugla á sambærilegan hátt og grjótgardar sem eru á svæðinu í dag.

Framkvæmdasvæðið er ekki innan svæðis á náttúruminjaskrá en leirurnar sem landfyllingarnar eru gerðar á falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Það á a.m.k við svæðið sunnan Leiruveggar. Þetta kemur ekki fram í tilkynningunni.

Þá vantar í umfjöllun um áhrif á fuglalíf, hvaða mögulegu áhrif aðflugsljósin sjálf munu hafa á fugla, sér í lagi áhrif af notkun þeirra. Eins og fram kemur er mikið fuglalíf á óshólmasvæði Eyjafjarðará og ýmsar varptegundir á svæðinu. Ekki er vel þekkt hvort notkun ljósanna gæti truflað fuglalíf t.d. á varptíma og mikilvægt að hafa það í huga. Þörf væri á að kanna það betur með frekari rannsóknum.

Að því sögðu er umfang og áætlað rask af framkvæmdinni ekki þess eðlis að Náttúrufræðistofnun telji þörf á að framkvæmdin þurfi að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.



En mikilvægt er að framkvæmdaaðilar forðist óþarfa rask á vernduðum leirum með aðgát á framkvæmdatíma og hafi í huga að starfsemi aðflugsljósa getur mögulega truflað fuglalíf.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.  
Náttúrufræðistofnun Íslands.

